



## VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAHREPPS

9. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 var haldinn mánudaginn 23. september 2024 kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra sitja fundinn: Hannibal Kjartansson (HK), veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson (GKG), yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerði í tölvu. Hér var gengið til dagskrár:

- 1. Verkfundargerð nr. 28 frá 18. september s.l. vegna Kerlingartanga/Byggð á Bríkum.**  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 2. Verkfundargerð nr. 5 frá 4. september s.l. vegna fráveituframkvæmda Akurgerði, Gröf, Hofatún.**  
*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*
- 3. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða vegna ársins 2025. Umræða og stefnumörkun.**  
Nefndin ræddi mögulegar breytingar á texta gjaldskrárinnar sem og þær breytingar á gjaldskrártöxtum sem nauðsynlegt er að gera vegna ársins 2025.  
*Gjaldskráin verður aftur til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.*
- 4. Gjaldskrá Vatnsveitu Hrunamannahrepps vegna ársins 2025. Umræða og stefnumörkun.**  
Nefndin ræddi mögulegar breytingar á texta gjaldskrárinnar sem og þær breytingar á gjaldskrártöxtum sem nauðsynlegt er að gera vegna ársins 2025.  
*Gjaldskráin verður aftur til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.*
- 5. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Hrunamannahreppi v. ársins 2025. Umræða og stefnumörkun.**  
Nefndin ræddi mögulegar breytingar á texta gjaldskrárinnar sem og þær breytingar á gjaldskrártöxtum sem nauðsynlegt er að gera vegna ársins 2025.  
*Gjaldskráin verður aftur til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.*
- 6. Gjaldskrá Hrúnaljóss vegna ársins 2025. Umræða og stefnumörkun.**  
Nefndin ræddi mögulegar breytingar á texta gjaldskrárinnar sem og þær breytingar á gjaldskrártöxtum sem nauðsynlegt er að gera vegna ársins 2025.  
*Gjaldskráin verður aftur til umræðu og afgreiðslu á næsta fundi nefndarinnar.*

DG

BB

B  
EES  
KTA

JL  
Cke

**7. Staða hönnunar húsnæðis fyrir Heilsugæslu Uppsveitanna.**

Lögð fram greinargerð frá Guðmundi Hjaltasyni, Eflu ehf, vegna stöðu hönnunar á innra rými heilsugæslunnar. Hönnun og gerð útboðslýsingar er að mestu lokið.

*Nefndin leggur til við sveitarstjórn að útboð verði auglýst um leið og gögnin eru tilbúin sem gæti orðið í október. Opnun tilboða færí fram í nóvember. Með þessu móti ættu framkvæmdir við innréttingu húsnæðisins að geta hafist í lok árs en samkvæmt samningi skal þeim vera lokið í ágúst 2025.*

**8. Svínárnes – Bygging skála.**

Deiliskipulagsbreyting sem þegar hefur tekið gildi í Svínárnesi lögð fram til kynningar sem og aðaluppdráttur að fjallaskála gerður af Eflu ehf vegna sama staðar.

*Nefndin samþykkir samhljóða að mælast til þess við sveitarstjórn að lokið verði við hönnun hússins á þeim forsendum sem kynntar voru á fundinum. Stefnt skal að því að verðkannanir vegna framkvæmdanna fari fram hið fyrsta með það að markmiði að framkvæmdir geti hafist um leið og snjóa leysir næsta vor.*

**9. Röðulstangi – Staða hönnunar, næstu skref.**

Hönnun er nær lokið við götuna en líklegt er að framkvæmdir á svæðinu verði hagstæðari eftir því sem sunnar dregur í hverfinu vegna minnkandi jarðvegsdýptar.

*Nefndin samþykkir samhljóða að mælast til þess við sveitarstjórn að ráðist verði í gatnaframkvæmdir við Röðulstanga og að jarðvinna með yfirborðsfrágangi verði boðin út hið fyrsta og að framkvæmdum verði lokið sumarið 2025.*

**10. Vatnsveita Blákvísl – Umræða um stöðu og framhald verkefnisins, lagnaleið kynnt.**

Starfsmenn Eflu ehf hafa fundið hagstæða lagnaleið og var hún kynnt á fundinum.

*Nefndin samþykkir samhljóða að mælast til þess við sveitarstjórn að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 verði fyrsti áfangi nýrrar vatnslagnar frá Blákvísl að Flúðum settur á dagskrá. Stefnt verður að sérstökum fundi með landeigendum á lagnaleiðinni um málið fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2025.*

**11. Málefni Kópsvatns og Flúðaorku – umræða um stöðu verkefnisins.**

Veitustjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Á morgun verður fundur með fulltrúum Baseload á Íslandi þar sem línum vegna kostnaðar munu væntanlega skýrast. Áfram er unnið að uppsetningu skilju en frá síðasta fundi hefur staðsetning hennar breyst og kostnaður því minnkað nokkuð.

*Nefndin ítrekar fyrri bókanir vegna málsins enda afar mikilvægt að vatn frá Kópsvatni muni nýtast Hitaveitu Flúða og nágrennis strax í veturn.*

W

DGS

BB

BV  
EES

JLZ  
AEN

**12. Staða verkefna sem í gangi eru og framvinda frá síðasta fundi.**

Rætt um eftirfarandi framkvæmdir sem eru á dagskrá ársins 2024. GKG og HK gerðu grein fyrir stöðu einstakra verkefna:

**Brú yfir Hellisholtalækinn:** Brúin er komin upp, framkvæmdir gengu vel og mokað var gróðri úr læknum um leið. Frágangur við enda brúarinnar er enn eftir.

**Lækjargarðurinn:** Búið er að planta fjölda nýrra trjáa í Lækjargarðinum. Plantað hefur verið í kringum núverandi tré og plöntuval er nú mun fjölbreyttara en áður.

**Framkvæmdir við íþróttahús:** Unnið er að innréttingu líkamsræktar og sjúkraþjálfunar í rýminu sem áður hýsti kennslustofur í myndmennt og handmennt sem og skólaselið. Framvinda hefur verið helst til hæg í september en enn er stefnt að því að framkvæmdum ljúki í október.

**Framkvæmdir á kennslugangi:** Framkvæmdum er að mestu lokið. Endanlegur frágangur gólfefna mun eiga sér stað um áramót.

**Gluggaskipti, Flúðaskóla:** Búið er að skipta um glugga í skólanum og frágangi við glugga er lokið. Búið er að lagfæra þakrennur eins og áður hefur verið rætt um.

**Endurbætur á skólalóð:** Búið er að malbika lóðina og unnið er að uppsetningu leiktaekja. Girðingar í kringum fótbalta- og körfuboltavöll verða vonandi settar upp í september/október.

**Leikvöllur í norðurbænum:** Leiktækin eru komin og búið að semja við verktaka um jarðvegsskipti. Fyrirtækið Jóhann Helgi ehf mun sjá um uppsetningu sem mun eiga sér stað á allra næstu dögum.

**Framkvæmdir á móttökusvæði úrgangs:** Kynntar nýjar forsendur að hönnun móttökustöðvar. Áfram verður unnið að endanlegri hönnun svæðisins á grundvelli þeirra teikninga sem kynntar voru á fundinum með það fyrir augum að fjárfesting verði einhver á árinu.

**Salerni við fótboltavöllinn:** Salernsgámurinn hefur verið settur upp í suðvestur horni fótboltasvæðisins. Unnið er að tengingu en enn vantar heimtaug frá Rarik.

**Útsetningar og mælingar:** UTU hefur tilkynnt að þeir séu hættir að hnítsetja vegna framkvæmda á vegum veitna sveitarfélagsins. Veitustjóri kynnti kostnað við kaup á landmælingatæki til að setja út punkta. Nefndin telur eðlilegt að veitufyrirtækin eigi svona tæki enda rúmast kaup þess innan samþyktrar fjárhagsáætlunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:14.

Bojanus Vigfusson  
Eirik Ó Sigmundsson

Dati Geir Samuelsson

Konráður Haraldsdóttir

Ranníður Þjórunses

Allrit flappheimi

Gunnar Þórðarson